

From: Jón Viðar Matthíasson <JonVidar@shs.is>

Sent: þriðjudagur, 31. mars 2020 08:31

To: Adam Benedikt Finnsson <adam.benedikt.finnsson@gmail.com>; asgeir.thor <asgeir.thor@lrh.is>; aslaughulda <aslaughulda@gmail.com>; Birkir Jón <birkir.jon@kopavogur.is>; formadur <formadur@fbsr.is>; Gudmundur Fy (Hafnarfjörður) <gudmundurfy@hafnarfjordur.is>; Guðmundur Fylkisson <8420@lrh.is>; haraldur <haraldur@mos.is>; Jón RedCross <jon@redcross.is>; Magnús Örn <magnusorn@gmail.com>; Oddviti í Kjós <oddviti@kjos.is>; Páll Björgvin Guðmundsson <pallbg@ssh.is>; armann <armann@kopavogur.is>; asgerdur <asgerdur@seltjarnarnes.is>; Borgarstjórinn í Reykjavík <borgarstjori@reykjavik.is>; Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>; gunnar <gunnar@gardabaer.is>; haraldur <haraldur@mos.is>; Jón Viðar Matthíasson <JonVidar@shs.is>; Pétur Krogh Ólafsson <polafsson@reykjavik.is>; rosa <rosa@hafnarfjordur.is>; Þóra K. Ásgeirsdóttir <thorak@shs.is>; Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is>; Valdimar Birgisson <valdimarb@gmail.com>

Subject: Upplýsingar frá AHS vegna COVID-19

Til fulltrúa í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, stöðuskýrsla:

Komiði sæl

Í nógu hefur verið að snúast hjá almannavörnum vegna COVID-19, en hér fylgir samantekt yfir nokkur verkefni síðasta mánaðar.

Undirbúningur vegna COVID-19 var kominn vel á veg þegar fyrsta smitið var greint þann 28. febrúar sl. Næstu daga þar á eftir var unnið mikið af leiðbeiningum og teknar saman upplýsingar í samvinnu við embætti landlæknis og almannavarnir fyrir sveitarfélög, þar sem ýmsar spurningar vöknudú sem þurfti að svara hratt og vel. Samskipti milli hagsmunaaðila voru mikil og því ber að fagna, því á þann hátt gátum við stillt saman strengi og komið samræmdum upplýsingum hratt frá okkur. Það góða samstarfs sem búið er að byggja upp hefur einnig reynst vel á þessum vikum sem og hversu boðleiðir eru stuttar hjá okkur.

Þann 11.mars var tekin ákvörðun um að setja í loftið vefsíðuna www.ahs.is þar sem öll gögn yrðu aðgengileg fyrir sveitarfélög og stofnunum og fyrirtækjum á þeirra vegum. Síðan var komin í loftið þann 12. mars. Tilgangurinn með henni var ekki síst sú að starfsmönnum sveitarfélaga var að berast mikið af upplýsingum, ekki einungis frá almannavörnum heldur einnig heilbrigðisyfirvöldum og ráðuneytum. Á síðunni hefur einnig verið safnað saman gagnlegum upplýsingum frá öðrum t.d. bréf til skólastjórnenda frá Landlækni.

Samráð og samstarf:

- Frá 29. febrúar höfum við átt þrjá fundi með upplýsingafulltrúum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir hafa verið mjög gagnlegir og þörf umræða hefur átt sér stað. Það er mikilvægt að miðla á milli því sem vel er gert og hjálpast að og það hefur verið góður samhljómur í hópnum.
- Vinnuhópur neyðarstjórna hefur einnig hist reglulega og farið yfir málín.
- Framkvæmdaráð almannavarnanefndarinnar hefur fundað reglulega.
- Starfsfólk AHS er í mjög góðu sambandi við fræðsluyfirvöld sveitarfélaganna varðandi skólana.
- Þóra Kristín deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins var skipuð af almannavörnum í viðbragðsteymi velferðarmála fyrir landið og hefur átt tvo fundi með því teymi.
- Mikil samvinna er á milli starfsfólks AHS og strætó.
- Jafnframt hefur verið kallað eftir viðbragðsáætlunum þeirra aðila sem sjá upp sorphirðu á svæðinu til að rýna og koma með mögulegar tillögur eftir þörfum, með þá það í huga að svörtustu spá gangi eftir.
- AHS hefur verið í sambandi við Veitur, HS veitur, Landsnet, Samorku og Orkuveituna.

- AHS hefur hvatt til frekari samstarfs veitna á svæðinu og að þær verði tengdar saman til að auka rekstraröryggi og nýtingu.
- Fundað hefur verið með velferðarsviðum á höfuðborgarsvæðinu.
- Reglulegir fundir með samhæfingarstöð almannavarna.
- Reglulegir fundir með aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins
- Samskipti við umdæmislækni sóttvarna á höfuðborgarsvæðinu.
- Við höfum einnig átt í daglegu samskiptum við sérfræðinga hjá embætti landlæknis og upplýsingahóp almannavarna til þess að koma réttum upplýsingum á leiðis til sveitarfélaganna.

Útgefnar leiðbeiningar:

Hér má finna lista yfir þær upplýsingar og leiðbeiningar sem almannavarnir hafa unnið fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir á þeirra vegum:

1. mars – 7. mars

- Upplýsingapóstur á skólastjórnendum og foreldra á íslensku og ensku .
- Upplýsingar um breytta skilgreiningu á hættusvæði.
- Upplýsingar til fræðslufirvalda og upplýsingafulltrúa varðandi skólahjúkrunarfræðinga.
- Upplýsingapóstur til foreldra á pólsku.
- Leiðbeiningar til menningarstofnana.
- Leiðbeiningar til íþróttahúsa.
- Leiðbeiningar til vinnustaða í sveitarfélögum.
- Leiðbeiningar fyrir vinnustaði – sent á Samtök atvinnulífsins.
- Leiðbeiningar fyrir vinnustaði – sent á Ráðuneytin.
- Plakat – Hvernig vernda á nemendur í skólum og leikskólum – á íslensku og ensku.
- Leiðbeiningar fyrir líkamsræktarstöðvar.
- Leiðbeiningar fyrir mötuneyti leik- og grunnskóla.
- Leiðbeiningar fyrir mötuneyti sveitarfélaga.
- Leiðbeiningar fyrir mötuneyti ráðuneyta og stofnana.
- Leiðbeiningar fyrir mötuneyti fyrirtækja.
- Leiðbeiningar fyrir Velferðarsvið – herbergjasambýli og íbúðakjarna.
- Neyðarstig – upplýsingar til bæjar- og borgarstjóra.
- Neyðarstig – upplýsingar stjórnenda

9. mars – 15. mars

- Snertilausar lausnir – póstur á fyrirtæki í fjármálaþjónustu
- Hlíðarfatnaður fyrir herbergjasambýli og íbúðakjarna
- Leiðbeiningar fyrir einkarekin fyrirtæki í velferðarþjónustu
- Leiðbeiningar um samkomur
- Upplýsingapóstur á skólastjórnendum og foreldra á íslensku, ensku og pólsku
- Upplýsingar fyrir mötuneyti grunn- og leikskóla á ensku
- AHS.is opnuð fyrir sveitarfélög
- Tilfærsla starfsmanna
- Umgengni í skólabílum í samkomubanni
- Þrif grunn- og leikskóla vegna samkomubanns
- Upplýsingar vegna kórónaveiru ríkis- og sveitarfélög
- Gátlisti vegna samkomubanns fyrir stofnanir
- Forgangslisti almannavarna vegna neyðarstigs
- Gátlisti vegna samkomubanns á ensku
- Leiðbeiningar vegna skipulagningar starfs með börnum úr forgangshópi
- Örugg samskipti fyrir helstu áhættuhópa plakat íslenska og enska
- Gátlisti fyrir skólastjórnendum vegna forgangslista
- Upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna vegna COVID-19

- Póstur til skólastjórnenda vegna forgangslista
- Samkomubann og börn – íslensku og ensku
- Forgangslisti nr. 7 fyrir grunn-, leikskóla og dagforeldra

23. mars – 27. mars

- Forgangslisti nr. 8

Eins og ætíð; endilega hafið samband við okkur ef eitthvað er.

Jón Viðar, jvm@shs.is, s. 894-5421, og Þóra Kristín, thorak@shs.is, s. 862-6375



Jón Viðar Matthíasson

Framkvæmdastjóri

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

(+354) 528 3021 (+354) 894 5421 jonvidar@shs.is

<http://shs.is> Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, Ísland